



**Fréttatilkynning**  
**frá**  
**skrifstofu forseta Íslands**

## **SAMÚÐARKVEÐJUR**

Forseti Íslands hefur í dag sent frú Helle Meri og forseta Eistlands Arnold Rüütel samúðarkveðjur vegna andláts Lennart Meri fyrrum forseta Eistlands.

Í samúðarkveðjunum áréttar forseti Íslands að Lennart Meri hafi verið einlægur hugsjónamaður og ötull baráttumaður fyrir sjálfstæði Eistlands, lýðræði og framförum. Hann hafi átt ríka hlutdeild í lýðræðisbyltingunni sem einkenndi þróun Evrópu í lok 20. aldar og skipaði sér í sveit fremstu forystumanna álfunnar.

Lennart Meri hafi verið mikils metinn á Íslandi og þakkar forseti Íslands vináttuna sem Lennart Meri hafi sýnt Íslendingum, bæði í heimsóknum til Íslands þegar hann var utanríkisráðherra og líka forseti Eistlands og einnig við önnur tækifæri.

Lennart Meri studdi einarðlega stofnun Rannsóknarþings Norðursins sem Íslendingar beittu sér fyrir og tók sæti í heiðursstjórn þess. Hann studdi einnig stofnun Rannsóknarseturs um smáríki við Háskóla Íslands og kom hingað til að flytja ávarp við opnun þess.

Forseti Íslands minntist einnig heimsóknar sinnar til Eistlands 1998 þegar Lennart Meri var forseti og heimsóknar eistnesku forsetahjónanna til Íslands 1999.

15. mars 2006